

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska Kalkpörungafélagið Bíldudalur



Dags eftirlits	20.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska Kalkpörungafélagið	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Hafnargata 4, Bíldudal	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	680601-2670	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Halldórsson	ÍSAT nr.	08990
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	288910,327 584086,181

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins í Íslenska Kalkpörungafélagið. Staðfestar voru úrbætur vegna fráviks sem kom fram í fyrra eftirliti ársins.

Engin ný frávik komu fram en einni ábendingu var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Síðasta eftirlitsskýrsla
2. Skráningar og mælingar skv. starfsleyfi
3. Staða framkvæmda
4. Umgengni á lóð
5. Skoðunarferð

1. Íslenska Kalkpörungafélagið var áhættumetið í flokki A og hlýtur þar með tvö reglubundin eftirlit á árinu. Fyrra reglubundna eftirlitið fór fram 14. apríl 2021. Í því eftirliti komu fram þrjú ný frávik, tveimur þeirra er vörðuð gagnaskil var lokað samhliða útgáfu eftirlitsskýrslunnar og brugðist hefur verið við frávikum er varðar lekavarnir við olíutunnur. Í lok árs mun áhættumatið vera endurskoðað og tíðni reglubundinna vettvangsheimsóknna ákvörðuð í samræmi við niðurstöður þess.

2. Farið var yfir skráningar og innleiðingu á umhverfisstjórnunarkerfi. Vel er haldið utan um skráningar m.a. hávaðamælingum, og varpi finefna í hafið. Búið var að nýta um 5000 m³ af 12000 m³ leyfi til varps í hafið. Engar olíuskiljur eru á lóð verksmiðjunnar, engar kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti, Haldið utan um skráningar á kvörðun á mælitækjum í möppu, útblástursmælingar voru síðast framkvæmdar í mars 2021 og svifefnamælingar í október og nóvember 2020. Næstu mælingar voru fyrirhugaðar um haustið.

4. Um miðjan júní var byrjað að keyra nýjan þurrkara sem tengist nýju pokasíuhreinsivirki. Unnið var að fínstillingum. Uppkeyrsluskráningar eru skoðaðar daglega á morgunfundum. Einnig er unnið að því að standsetja húsnæði fiskmjölsverksmiðju við hlið verksmiðjunnar og flutningur á þvottabúnaði var í undirbúningi.

5. Í skoðunarferðinni var gengið um lóðina og í húsnæði fiskimjölsverksmiðjunnar sem verið er að standsetja. Talsvert af byggingarefni og búnaði er á lóðinni ásamt bömbum með matarolíu (Bad-Mix) sem er endurnýtt í vinnsluferlið. Einnig voru tunnur með glussaolíu. Unnið er að tiltekt á húsnæði fiskimjölsverksmiðjunnar til að nýta sem varahlutalager. Þar eru gömul niðurföll í gólfi en þau eru ótengd því húsið hefur fyrir nokkru síðan verið aftengt bæði vatni og holræsnum. Í kjölfarið er fyrirhugað að klára malbikun á lóð og girðingar meðfram götunni.

ÁBENDINGAR

Tækifæri eru til að hafa úrgangsskráningarnar sundurliðaðri og markvissari til að greina betur tækifæri til að draga úr úrgangi og bæta endurnytingarmöguleika.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.07.2022

Halla Einarsdóttir
Halla Einarsdóttir